



Framkvæmdaráðsfundur 6. maí 2011

Minnisblað/til umræðna

Skipulagið, starf formanns/stjórnar:

- Hvenær var skipulag eða bréf sent út og fyrir hvað langan tíma?
- Tímasetningar funda, alltaf á sama tíma eða ?
- Hvernig er boðað til fundarins? Tölvupóstur, hringt eða?
- Setning fundarins, mikils virði. Hugsa um kertin og einkunnarorðin.
- Nafnakall, mjög mikilvægt.
- Fundargerð síðasta fundar, hefur margs konar gildi.
- Fara yfir fasta liði eins og orð til umhugsunar (tími sem hver fær)
- Aðalefni fundarins, þarf að vera ljóst hvað fyrirlesari fær langan tíma og stýra því.
- Umræður, hve langur tími.
- Kaffihlé eða matarhlé á fundum. Gæta líka að tímanum.
- Gefa tíma fyrir fréttir frá landssambandinu.
- Gefa þarf tíma fyrir önnur mál.
- Afhenda fyrirlesara rós og kynningarritið okkar.
- Minna á næsta fund um leið og slökkt er á kertunum.

- Ekki sætta sig við lélega mætingu, þá þarf að skoða starfið og ræða.
- Formaður getur veitt konum ákveðna ábyrgð og störf en formaður er ábyrgur og hann þarf alltaf að vera sýnilegur og honum ber að stjórna fundum. Hann þarf að vera á vaktinni þennan stutta tíma og sjá til þess að halda við siðum og venjum.
- Vera í sambandi við aðrar deildir og skipuleggja t.d. einn fund á ári með annarri deild. Það myndar aukin tengsl og er ávallt mjög skemmtilegt.
- Hvetja konur til að mæta á þing, deild gæti sett sér að ákveðinn fjöldi mæti á þing innan lands t.d. að lágmarki 25%. Mætti leggja fyrir ákv. upphæð til að styrkja konur á þing.
- Fjármál deilda, ábyrgð formanns.
- Inntaka nýrra félaga. Skoða samsetninguna vel.
- Gera skrá yfir eignir deildarinnar.
- Minna konur á að bera næluna á fundum og þingum.
- Staðsetning funda og hvetja konur til að safnast saman í bíla. Hefur líka félagslegt gildi.
- Halda gleði hátt á lofti ☺ Það er bæði gaman og gefandi að vera félagi í Delta Kappa Gamma.

(Ingibjörg Einarsdóttir)

